

59. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands haldinn að Austurvegi 56, miðvikudaginn 29. júlí 1998, kl. 9.00.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Grétar Zóphaniásson, Ágúst Ingi Ólafsson og Þorvarður Hjaltason

Dagskrá

- 1. Nýtt starfsleyfi fyrir Sorpstöð Suðurlands, ásamt bréfi frá Hollustuvernd ríkisins, dags. 1. júlí 1988.**
Framkvæmdastjóra falið að svara bréfi Hollustuverndar.
- 2. Bréf frá Umhverfissráðuneyti, dags. 22. júlí 1998 ásamt kærnum Ölfushrepps og Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins vegna nýs starfsleyfis.**
Lögð fram greinargerð sem var samþykkt að senda ráðherra með lítills háttar breytingum. Einnig var samþykkt að Sorpstöðin hlutaðist til um að hreppsnefnd Ölfushrepps fái reglulega sendar niðurstöður eftirlitsaðila stöðvarinnar.
- 3. Verksamningur Sorpstöðvar Suðurlands og Vélgröfunnar ehf. um gerð urðunarreinar 2, dags. 24. júní 1998.**
Samningurinn lagður fram og staðfestur.
- 4. Kynningarátak Sorpstöðvarinnar.**
 - a. Bæklingur um flokkunarmöguleika og móttökustöðvar sorps á Suðurlandi.**
Bæklingnum hefur verið dreift um Suðurland. Stjórnin lýsir yfir mikilli ánægju með þetta framtak og samþykkir að halda þessari útgáfu áfram með þeim breytingum sem kunna að verða.
 - b. Ný heimasíða.**
Sorpstöðin hefur komið upp upplýsingavef á Internetinu á slóðinni <http://www.sudurland.is/sorpstod/>. Á heimasíðunni eru upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar og þar er einnig ýmis fróðleikur um endurvinnslu, heimajarðgerð og spilliefni.
- 5. Önnur mál.**
 - a. Samþykkt að halda aðalfund Sorpstöðvarinnar þriðjudaginn 1. september nk. í Hvolsvelli.

Fundi slitið kl. 10.20

Karl Björnsson
Ágúst Ingi Ólafsson
Grétar Zóphaniásson
Guðmundur I. Gunnlaugsson
Þorvarður Hjaltason